

Umsögn um frumvarp til laga um skipan  
olíuleitarmála og hagnýtra  
hafbotnsrannsóknna á íslensku yferráðasvæði,  
249. mál

**Guðmundur Pálmason**

**Greinargerð GP-81/03**

Umsögn um frumvarp til laga um skipan olíuleitarmála og hagnýtra  
hafsbotsrannsóknna á íslensku yfirráðasvæði, 249. mál.

Brýn þörf er orðin á því að Alþingi marki skýra stefnu um hvernig staðið skuli að framkvæmd hagnýtra rannsókna á hafsbotninum umhverfis landið, þar með talið leit að verðmætum jarðefnum svo sem olíu. Færa má fyrir því rök, að á undanförunum 10 árum hafi minna verið unnið raunhæft að rannsóknum af þessu tagi en ástæða hefði verið til, einmitt vegna þess að formlegan skipulagslegan ramma hefur vantað. Togstreita milli ráðuneyta og stofnana hefur tafið framgang mála. Því ber að fagna, að nú er komið fram frumvarp, þar sem gerð er tilraun til að bæta hér úr.

Þótt frumvarpið sé þarft er það ekki gallalaust. Mest stingur í augun sú skörun löggjafar- og framkvæmdavalds sem frumvarpið virðist gera ráð fyrir. Olíuleitarnefnd er þingkjörin. Henni er þó greinilega ætlað að vera framkvæmdaaðili, svo sem fram kemur í upptalningu á hlutverkum hennar í 4. gr., enda þótt einnig sé í 5. gr. gert ráð fyrir að sérstök deild hjá Orkustofnun annist framkvæmdastjórn fyrir nefndina.

Telja verður eðlilegt að olíuleit og hagnýtar hafsbotsrannsóknir heyri alfarið undir iðnaðar- og orkuráðherra, þ.e. framkvæmdavaldið. Orkustofnun heyrir undir iðnaðarráðuneytið, og er því einnig eðlilegt að framkvæmd þeirra verkefna, sem fé er veitt til, verði alfarið í höndum þeirrar stofnunar. Upptalningu á hlutverkum Olíuleitarnefndar í 4. gr. frumvarpsins mætti þá líta á sem skilgreiningu á hlutverki Orkustofnunar á þessu sviði, ef frá er talinn liður 9. Benda má á norsku Olíustofnunina (Oljedirektoratet) sem hliðstæðu í þessu efni.

Olíuleitarnefnd, e.t.v. kosin á Alþingi, getur þjónað margvíslegum og gagnlegum tilgangi, þótt hún sé ekki framkvæmdaaðili. Hún ætti að vera ráðgefandi við iðnaðarráðherra, vera umræðuvettvangur og stefnumótandi aðili til lengri tíma séð. Hún gæti einnig haft á hendi eftirlit með starfssemi á þessu sviði af hálfu Alþingis, og gefið því skýrslur eftir þörfum.

Nú sem stendur er starfandi á vegum iðnaðarráðuneytisins nefnd um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir ("NHH"), sem skipuð var af iðnaðarráðherra 4. sept. 1980, og tók við af starfshópi um olíuleitarmál sem skipaður var í maí 1978. NHH gerði á s.l. hausti tillögur um rannsóknaverkefni á árinu 1981, er fólu í sér m.a. nánari könnun setlaga úti fyrir Norðurlandi og í suðurhluta Jan Mayen hryggjar. Ekki hefur þó fengist fjármagn til þessara rannsókna enn þá.

Meðal annarra verkefna NHH er „að gera tillögur um skipulag og framkvæmd olíuleitar á íslensku yfirráðasvæði“. Eðlilegt virðist því, að NHH fái umrætt frumvarp til umfjöllunar í því skyni að samræma sjónarmið nefndarinnar og þau sem fram koma í frumvarpinu.

Það er e.t.v. ástæða til að benda sérstaklega á og leggja áherslu á, að Íslendingar eru á algjöru frumstigi að því er varðar hagnýta könnun á hafsbotninum innan 200 mílna efnahagslögsögunnar. Það er löng leið frá frumrannsókn þessa svæðis yfir í hagnýtingu þess sem kann að finnast. Fyrst í stað ber að leggja megináhersluna á markvissa leit að verðmætum jarðefnum, þar með talið olíu. Árangur slíkrar leitar er óviss, og vart tímabært fyrir en jákvæður árangur er fenginn að huga að fyrirkomulagi á vinnslu þeirra verðmæta sem finnast kunna. Tækniþróun er ör á þessu sviði, og það sem virðist ekki hægt í dag getur reynst vel framkvæmanlegt eftir 10 ár. Til að hægt sé að vinna markvisst að rannsóknunum, þarf að skilgreina betur þann skipulagsramma sem utan um þær á að vera. Skipulag hugsanlegrar vinnslu er ekki tímabært að fjalla um enn, en komi til hennar, hlýtur það að verða mál sem löggjafinn þarf að fjalla um sérstaklega.

Guðm. Pálmason

Guðmundur Pálmason



Dags.

1981 04 01

Dags.

Tilv. vor

JB/sg

Tilv. yðar

...  
Iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis  
Alþingi  
101 Reykjavík  
...

Frumvarp til laga um skipan  
olíuleitarmála og hagnýtra hafsbotnsrannsóknna

Með bréfi dags. 1981 03 23 óskar háttvirt Iðnaðarnefnd eftir  
umsögn Orkustofnunar um ofangreint frumvarp.

Umsögnin fylgir hjálagt í formi greinargerðar sem dr. Guðmundur  
Pálmason, forstjóri Jarðhitadeildar stofnunarinnar, hefur tekið  
saman um málið.

Virðingarfyllst,

Jakob Björnsson

Hjálagt: Greinargerð

Afrit: Iðnaðarráðuneytið